

Ed.
um Austurveg.

329. Frumvarp til laga

Flm.: Eiríkur Einarsson, Bjarni Benediktsson, Brynjólfur Bjarnason,
Magnús Jónsson.

1. gr.

Nýjan veg skal leggja af suðurlandsbraut hjá Lækjarbotnum um svo nefnd Þrengsli, um Lambafells- og Eldborgarhraun ofan við Hjalla, niður í Ölfus hjá Þurá um Ölfusmýrar að Selfossi.

Gagngerðar endurbætur skal gera á núverandi veki frá Reykjavík að Lækjarbotnum.

2. gr.

Vegagerð alla samkvæmt 1. gr. skal miða við, að tryggðar verði sem hagkvæmst og með mestu öryggi samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Skal þess sérstaklega gætt um legu vegarins og gerð, að hann verjist sem bezt snjó.

3. gr.

Veginn skal fullgera með slitlagi úr steinsteypu.

4. gr.

Skal fyrst leggja kaflann frá vegamótum núverandi suðurlandsbrautar í miðju Svinahrauni um Þrengsli að vegamótum Selvogsvegar hjá Þurá í Ölfusi.

Skal kafli þessi fyrst í stað gerður sem malarvegur.

5. gr.

Skal miða framkvæmdir við, að vegurinn verði allur fullgerður á næstu 6 árum, enda verði nægilegt vinnuafl fáanlegt svo og stórvirkar vinnuvélar.

6. gr.

Til framkvæmda samkvæmt lögum þessum heimilast ríkisstjórninni að taka lán allt að 20 millj. kr.

7. gr.

Vegur þessi skal vera þjóðvegur og nefnast Austurvegur.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 25 23. júní 1932, um nýjan veg frá Lækjarbotnum austur í Ölfus.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ályktun sameinaðs Alþingis 10. mars 1944, um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus, hefur milliþinga-

nefnd sú, er skipuð var fulltrúum allra stjórnmálauflokka eftir ályktun þessari, nú skilað ýtarlegu nefndaráliti, sem er ágreiningslaust um allar niðurstöður, er lúta að vegarstæði og tilhögun framkvæmda. Nefndarálit þetta, dags. í nóvember s. 1., hefur verið sérprentað, og mun alþingismönnun hafa verið gefinn kostur á að kynna sér það.

Með því að allt, er verulegu máli skiptir við flutning frv. þessa, er tekið til rækilegrar meðferðar í nefndarálitinu, þykir nægja að vísa hér til þess. Er frumvarpið samið í samræmi við niðurstöður milliþinganefndarinnar, og er því greinargerðina að finna í nefndarálitinu.

Rétt þykir að heimila ríkisstjórninni lántöku, eftir því sem þörf krefur, til svo kostnaðarsamra framkvæmda, sem hér er um að ræða. — Einnig þykir ástæða til að láta það koma fram við lögfestingu 6 ára framkvæmdaáætlunarinnar, að vikja megi frá jöfnum störfum á ári hverju við vegagerð þessa, og komi þar til greina aðstaða um útvegun á stórvirkum vélum við framkvæmd verksins og hver mannafli er til staðar að hverju sinni til verkstjórnar og vegavinnu.

Austurvegur þykir stutt og laggott heiti á þessari framtíðarbraut.